

Sérstakt gatnagerðargjald skv. 3. gr. skal gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Þó skal sveitarstjórn heimilt að ákveða í samþykkt, að greiðslu slíks gjalds sé dreift á tiltekið árabíl, eftir því sem nánar er tiltekið í samþykkt.

## 7. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. og 3. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

## L Ö G

um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Greiða skal 5% útflutningsgjald af fob-verðmæli loðnuafurða framleiddra á árinu 1974, svo sem loðnumjöli, loðnulýsi, frystri loðnu og loðnubrognum, þó ekki niðursoðnum eða niðurlögðum loðnuafurðum. Skal gjald þetta reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

## 2. gr.

Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt 1. gr. skulu renna í sérstakan sjóð. Skal sjóðnum varið til þess að greiða niður verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskípa, sem taka olíu hérlendis, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Skal við það miðað, að olíuverð hérlendis til fiskiskípa verði ekki hærra á fyrstu 5 mánuðum ársins 1974 en það var í nóvembermánuði 1973.

Þá skal 25 milljónum króna af tekjum sjóðsins varið til lífeyrissjóða sjómanna, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. Jafnframt skal tryggja, að sjóðirnir miði eftirlaunagreiðslur til sjómanna við lægri aldur en gert hefur verið.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 20. maí 1974.*

Ólafur Jóhannesson.

Eysteinn Jónsson.

Benedikt Sigurjónsson.

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*